

Alþingi
Erindi nr. P 139/803
komudagur 8.12.2010



Frá: Vinnuálagstofnun/ Gissur Pétursson / 7.des 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um málefni fatlaðra (flutningur málaflokksins til sveitarfélaga), 256. mál.

Í fyrirleggjandi frumvarpi til laga um breytingu á lögum um málefni fatlaðra kemur fram í 17. gr. sú fyrirætlan að Vinnuálagstofnun annist framkvæmd vinnumarkaðsaðgerða fyrir fatlaða skv. lögum um vinnumarkaðsaðgerðir. Í þriðja kafla laga um vinnumarkaðsaðgerðir kemur fram að þær felast m.a. í vinnumiðlun, í mati á starfshæfni og í skipulagi vinnumarkaðsúrræða.

Meginhugmyndin að baki þessu fyrirkomulagi er það eðlilega og sjálfsagða sjónarmið að tryggja fötluðum einstaklingum aðgengi að vinnumarkaði með sambærilegum hætti og ófötluðum. Þetta viðhorf kemur mjög skýrt fram í samningi S.Þ. um réttindi fatlaðs fólks en þar segir í 27. gr.:

“ Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks, til jafns við aðra, til vinnu; í því felst réttur til að fá ráðrúm til að afla sér lífsviðurværis með vinnu að eigin vali eða vinnu sem er þegin á frjálstan hátt á vinnumarkaði og í vinnuumhverfi sem fötluðu fólki stendur opið, er án aðgreiningar og er því aðgengilegt. “

og áfram í staflíð d þeirrar greinar:

„að gera fötluðu fólki kleift að hafa með virkum hætti aðgang að tækni- og starfsráðgjöf, atvinnumiðlun og starfsþjálfun og símenntun sem almennungi stendur til boða. “

Atvinna með stuðningi (AMS) er sérhæfð vinnumiðlun sem hefur það að markmiði að leiða fatlaða einstaklinga með skerta starfsgetu út á hinn almenna vinnumarkað þannig að þeir geti sem sjálfstæðir einstaklingar tekið þátt í honum eins og hverjir aðrir einstaklingar og þegið laun skv. kjarasamningum.

Erfitt er að sjá annað en að AMS falli þannig með skýrum hætti undir vinnumarkaðsaðgerðir í skilningi bæði laga um vinnumarkaðsaðgerðir og fyrirleggjandi frumvarps til laga um breytingu á málefnum fatlaðra. Það er því álit Vinnuálagstofnunar sem fer yfirstjórn opinberrar vinnumiðlunar, að AMS eigi að falla innan verksviðs stofnunarinnar en ekki sveitarfélaga eins og virðist stefna í með breyttu fyrirkomulagi. Sömuleiðis má draga í efa hvort það að slíta vinnumarkaðsúrræði gagnvart fötluðum frá þeim úrræðum sem ófötluðum standa til boða á vegum VMST skv. gildandi lögum með því að fela þau sveitarfélögum, standist aðrar skuldbindingar stjórnvalda um réttindi fatlaðra.

Almennt hefur verið gert ráð fyrir að stofnanir og þjónustueiningar sem verða eftir á verksviði ríkisins við flutning á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga, verði sinnt með sérstökum þjónustusamningi milli Vinnuálagstofnunar og viðkomandi eininga. Vegna eðlis AMS er það hins vegar ósk Vinnuálagstofnunar að stofnunin ráði starfsmenn AMS til sín um nk. áramót enda fái hún yfirfærðar til sín þær fjárheimildir sem varið hefur verið til starfsemi AMS á móti. Ástæða þessa er sú að í mannauð AMS liggur þekking sem er stofnuninni afar dýrmæt. Í því fjöldaatvinnuleysi sem nú ríkir er borðleggjandi að nýta aðferðafræði AMS til þjónustu við aðra hópa en fatlaða eingöngu, s.s. langtímaatvinnulausa og þá sem eru að koma úr lengri

starfsendurhæfingarúrræðum án þess að hafa fengið vinnu. Þannig myndi slík sameining styrkja þjónustu Vinnumálastofnunar þar sem atvinnuleitendur kæmu og sæktu sér viðeigandi þjónustu og þeir sem þyrftu á slíku að halda, fatlaðir sem ófatlaðir, fengju atvinnu með stuðningi.

Verði af yfirfærslunni á þeim verkþætti sem hér er gerður að umtalsefni á þann hátt sem frumvarpið kveður á um, þá myndi það hafa í för með sér að t.d. starfsmenn AMS í Reykjavík yrðu starfsmenn Reykjavíkurborgar nú um áramótin, sem síðan þyrfti aftur að vinda ofan af í kjölfarið – síðar á komandi ári með allri þeirri ringulreið sem slíkt hefur í för með sér. Það myndi einnig slíta í sundur lögbundna þjónustu innan málaflokks atvinnumála fatlaðra og skerða möguleika Vinnumálastofnunar til að sinna lögbundnu hlutverki sínu gagnvart vinnumarkaðsaðgerðum, bæði fyrir fatlaða og ófatlaða.

Er hér með óskað eftir því að félags- og tryggingamálanefnd geri breytingar á frumvarpinu sem hér er til umsagnar, í þá veru sem hér er lagt til. Vinnumálastofnun er vitaskuld tilbúin til hvers konar samstarfs eða upplýsingamiðlunar í þessu máli sem Alþingi kann að óska eftir.

Virðingarfyllt,

fh. Vinnumálastofnunar

Gissur Pétursson forstjóri